

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Ólafsvík



<b>Dags eftirlits</b>	19.9.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálk Friðgeirsson	
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Fulltrúi UST</b>		
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið	
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Þorsteinn Bergþórsson	<b>Staðsetning</b>	277577,592	496940,924

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Fyrst var hugað að frárennismálum. Tekið var sýni úr frárennsli aftan (neðan) olíuskilju og olíuefni í sýninu mæld með olíuprófi Macherey Nagel. Olía greindist ekki í frárennslinu. Fram kom að þjónusta þarf olíuskilju nú á haustmánuðum og varð að samkomulagi að gæða-, öryggis- og umhverfisstjóri ODR myndi senda upplýsingar til stofnunarinnar að því loknu.

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók stöðvarinnar. Farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar á mánaðarblöð voru í góðu lagi.

Allir þrír geymar stöðvarinnar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Allar lagnir á að þrýstiprófa á yfirstandandi ári og skulu niðurstöður berast Umhverfisstofnun fyrir næstu áramót.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja. Tekið var á loka í frárennsli þróar og reyndist hann standa lokaður eins og áskilið er.

Girðingar og hlið voru í lagi.

## ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

Reykjavík, 23.09.2013

Gottskálk Friðgeirsson

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.